

66. kirkjuþing 2024 - 2025

28. mál – þskj. 28a

TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prófasta nr. 7/2023-2024.

Flm. Þuríður Björg W. Árnadóttir, Elínborg Sturludóttir, Guðni Már Harðarson.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi málsli:

Biskupi ber að taka mið af umsögnum, menntun, reynslu og jafnræði kynjanna við val á prófasti hverju sinni.

2. gr.

1. málsli. 3. gr. orðast svo:

Útnefningin gildir í sex ár en þá skal leitað umsagna að nýju.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Við val og útnefningu prófasts ætti að vera tekið mið af menntun og reynslu þeirra einstaklinga sem hljóta umsagnir kollega sinna ef fleiri en einn hljóta umsögn. Núgildandi starfsreglur þykja óskýrar þegar kemur að því hvað það er sem ræður úrslitum í vali biskups á nýjum prófasti hverju sinni, en óljóst þykir hvort þar ráði fjöldi umsagna úrslitum, eða hvort það sé matsatriði biskups hver sé ráðinn hverju sinni.

Þá segir í markmiðskafla samþykkrar jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar að „við ráðningar verði leitast við að jafna hlutföll kynjanna, ef um er að ræða jafnhæfa einstaklinga“ og einnig að markmið sé „að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í stjórnunar og áhrifastöðum“.

Hvatt er til þess að eftir þessu sé farið og þessar breytingatillögur lagðar fram til þess að skýra starfreglur um val á próföstum.

Lagt er til að útnefning prófasta gildi í sex ár, en þá sé umsagna leitað að nýju. Vígðir þjónar prófastsdæmisins hafa þá möguleika á að senda inn umsagnir þess efnis að þeir óski eftir því að starfandi prófastur haldi stöðu sinni.

Sex ár er sami tími og kjörtímabil vígslubiskupa og biskups er samkvæmt starfsreglum.